

# Héraðsdómur Austurlands

Dómur 13. apríl 2026

Mál nr. S-44/2026:

## Ákærvaldið

(Fríða Thoroddsen aðstoðarsaksóknari)

## gegn

**Mána Snæ Larsen** og

(Gísli Tryggvason lögmaður)

**Smára Frey Snæbjörnssyni**

(Gísli Tryggvason lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. þessa mánaðar, var höfðað af lögreglustjóranum á Austurlandi með ákæru útgefinni 18. síðasta mánaðar á hendur Mána Snæ Larsen, kt. [...], og Smára Frey Snæbjörnssyni, kt. [...], báðum með skráð lögheimili að [...]. Við þingfestingu málsins var að nokkru fallið frá sakargiftum og upptökuandlagi í samræmi við sakarneitun ákærðu og afstöðu til upptökukröfu. Að endingu eru báðir ákærðu sakaðir um fíkniefnalagabrot með því að hafa í félagi, sunnudaginn 20. apríl 2025, að [...], haft í vörslum sínum, samtals 20 kannabisplöntur, og að hafa um nokkurt skeið fram til þess dags ræktað greindar plöntur sem lögregla hafi lagt hald á við leit í húsnæðinu. Að auki er ákærða Smára Frey þann sama dag og á sama stað gefið að sök sams konar brot með því að hafa haft í vörslum sínum 3,98 g af maríhúana og 285 g af kannabislaufum sem einnig hafi fundist við leit lögreglu. Er háttsemi ákærðu, samkvæmt ákæru og að gættu brottfalli heimfærslu í fyrrgreindu þinghaldi, talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. breytingarlög, og 1. og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001 með síðari breytingum, þar meðtalinni breytingarreglugerð nr. 808/2018.

Er þess krafist að ákærðu verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er og krafist að ákærða Smára Frey verði gert að sæta upptöku á 20 kannabisplöntum, 3,98 g af maríhúana og 285 g af kannabislaufum, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. sömu laga og 2. mgr. 14. gr. sömu reglugerðar með síðari breytingum. Jafnframt að sama ákærða verði með heimild í 7. mgr. 5. gr. laganna, 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar, sbr. og 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, gert að sæta upptöku á eftirtöldum munum sem notaðir hafi verið til eða ætlaðir hafi verið til ólögætrar

ræktunar kannabisjurta og meðferðar fíkniefna og lögregla hafi lagt hald á við rannsókn málsins. Í fyrsta lagi gróðurtjalds sem var í notkun með stöngum (munaskrá nr. [...]), í annan stað tveggja straumbreyta (munaskrá nr. [...]), í þriðja lagi viftu sem var í notkun (munaskrá nr. [...]), í fjórða lagi tveggja gróðurhúsalampa sem voru í notkun (munaskrá nr. [...]) og átta tímarofa (munaskrá nr. [...]).

Um málsatvik er skírskotað til ákæru eftir því sem að framan greinir.

Við þingfestingu málsins var gætt að 5. mgr. 33. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála áður en ákærðu var báðum skipaður sami verjandi.

Ákærðu hafa fyrir dómi skýlaust játað að hafa viðhaft þá háttsemi sem þeim er að endingu gefin að sök og samþykkti ákærði Smári Freyr upptöku framangreinds andlags upptökukröfu. Var farið með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála nr. 88/2008, að gættum síðari málslið 1. mgr. þess lagaákvæðis, og það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu eftir að aðilum hafði verið gefinn kostur á að tjá sig í stuttu máli um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Sannað er með skýlausum játningum beggja ákærðu, sem eru í samræmi við framlögð gögn, að þeir hafi gerst sekir um þá háttsemi sem saksókn á hendur þeim tekur til samkvæmt framanrituðu og er háttsemi þeirra réttilega heimfærð til refsíákvæða samkvæmt því sem að framan er ritað. Ákærðu hafa því unnið sér til refsingar.

Af hálfu beggja ákærðu er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa, sem nánar var stutt rökum með vísan til refsitillagna af hálfu verjanda þeirra á dómþingi, meðal annars með vísan til affalla í ræktun kannabisplantna, ólíkrar aðkomu þeirra sem eiganda og þess sem oft annaðist plönturnar á þá sameiginlegu heimili þeirra og að um tilraunaræktun hafi verið að ræða. Þá er krafist þóknunar til handa verjanda sem skiptist jafnt á milli ákærðu.

Meðal málsgagna eru efnaskýrslur um hinar haldlögðu plöntur, maríhúana og kannabislauf sem haldlagt var samkvæmt framanrituðu. Þar greinir að samkvæmt rannsókn og prófun tæknideildar lögreglu 30. apríl 2025 hafi framangreint greinst sem 3,98 g af maríhúana, 285 g af kannabislaufum og 20 kannabisplöntur. Af þessum plöntum hafi sex þeirra verið 24–86 cm á hæð og vegið 1395 g, 13 þeirra sem verið hafi að sömu hæð hafi vegið 1895 g og ein þeirra hafi mælst 18 cm á hæð og vegið 0,97 g. Þá er einnig á meðal málsgagna matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands frá 27. maí sama ár vegna rannsóknar tveggja sýna hinna haldlögðu plantna. Sýnin hafi við komu annars vegar vegið 215,98 g, en eftir þurrkun 55,89 g, og hins vegar 196,83 g og eftir þurrkun 56,46 g. Magn tetrahydrókannabínóls í fyrri sýninu hafi í þurru sýni verið

7,5 mg/g, en reiknað magn þess efnis í sýninu við komu hafi verið 1,9 mg/g. Magn efnisins í síðara sýninu þurru hafi á hinn bóginn verið 71 mg/g, en reiknað magn sama efnis í því sýni við komu hafi verið 20 mg/g.

Ákærðu hafa gengist við fyrrgreindum sakargiftum og er það virt þeim til málsbóta. Ákærði Máni Snær hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi og hefur sakaferill ákærða Smára Freys ekki þýðingu við ákvörðun refsingar nú. Á hinn bóginn er það virt ákærðu til refsibýngingar að hafa í félagi staðið að ræktun þeirra plantna sem um ræðir í málinu og upplýst er að ákærði Máni Snær átti þó ekki líkt og ákærði Smári Freyr, en meðal annars annaðist engu að síður á þá sameiginlegu heimili þeirra, er ákærði Smári Freyr var að heiman. Þá er um nokkurt magn plantna að ræða, sem að hluta voru að daufum styrk tetrahýdrókannabínóls en að hluta til að allnokkrum styrk. Auk þessa er ákærði Smári Freyr sakfelldur fyrir vörslur 3,98 g af maríhúana og 285 g kannabislaufa. Færni ákærðu við ræktun, ætluð afföll hennar og það hvort um tilraunaræktun hafi verið að tefla þykir ekki geta haft áhrif við ákvörðun refsingar í málinu. Eftir framangreindu, þar á meðal í ljósi 5. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sömuleiðis 2. mgr. 70. gr. sömu laga, þykir refsing ákærða Mána Snæs samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga. Með vísan til sömu ákvæða almennra hegningarlaga, en að öðru leyti með skírskotun til annars þess sem að framan er rakið, þykir refsing ákærða Smára Freys samkvæmt sama ákvæði laga nr. 65/1974 hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga. Að öllu virtu, þar á meðal því að ákærðu hafa greiðlega gengist við sakargiftum samkvæmt framanrituðu, þykir mega fresta fullnustu refsinga þeirra og skulu þær niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærðu almennt skilorð, sbr. 2. og 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá skal ákærði Smári Freyr sæta upptöku á haldlögðum kannabisplöntum, maríhúana, kannabislaufum og munum samkvæmt því sem rakið er í upphafi dóms þessa og greinir frá í dómsorði, sbr. 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem hald var lagt á.

Sakarkostnaður málsins samanstendur af kostnaði vegna rannsóknar á tveimur sýnum þeirra plantna sem haldlagðar voru, og þóknunar verjanda, sem fyrir liggur að kom að mestu til eftir höfðun málsins, og skiptast eigi samkvæmt vörninni að jöfnu milli ákærðu. Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála verða ákærðu dæmdir til að greiða þennan kostnað, þó þannig að í ljósi þess að fallið hefur verið frá hluta öndverðra

sakargifta að nokkru, verður þeim eingöngu gert að greiða það hlutfall þóknunar verjanda síns sem í dómsorði greinir, en að öllu leyti annan sakarkostnað. Nemur sá kostnaður 214.505 krónum vegna fyrrgreindrar rannsóknar sýna kannabisplantna. Þykir þóknun verjanda ákærðu, Gísla Tryggvasonar lögmans, í ljósi upplýsinga sem veittar voru á dómþingi um þau störf og fyrir liggja að öðru leyti í gögnum málsins, efni málsins og umfangi málsmeðferðar fyrir dómi og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum dómstólasýslunnar, í heild hæfilega ákveðin 264.120 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Máni Snær Larsen, sæti fangelsi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði, Smári Freyr Snæbjörnsson, sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Smári Freyr sæti upptöku á 20 kannabisplöntum, 3,98 g af maríhúana og 285 g af kannabislaufum, gróðurtjaldi sem var í notkun með stöngum (munaskrá nr. [...]), tveimur straumbreytum (munaskrá nr. [...]), viftu sem var í notkun í gróðurtjaldi (munaskrá nr. [...]), tveimur gróðurhúsalömpum sem voru í notkun í ræktun (munaskrá nr. [...]) og átta tímarofum (munaskrá nr. [...]), sem hald var lagt á.

Ákærðu greiði sameiginlega  $\frac{4}{5}$  hluta þóknunar verjanda síns, Gísla Tryggvasonar lögmans, sem í heild er 264.120 krónur, og auk þess sameiginlega 214.505 krónur í annan sakarkostnað.

Hákon Þorsteinsson